

Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. maí 2025

Tillaga fulltrúa Framsóknar um stofnun stýrihóps um samþætta þjónustu borgarinnar við ungmenni sem eru ekki í virkni

Borgarfulltrúi Framsóknar leggur til að velferðarráð setji á fót stýrihóp sem skila á tillögum um hvernig megi samþætta þjónustu borgarinnar til að ná betur utan um ungmenni á aldrinum 16-29 ára sem ekki eru í virkni. Lagt er til að horft sé til þróunarverkefnisins Elja virkniráðgjöf, sem starfrækt er í Árborg. Elja miðar að því að styðja ungmenni á aldrinum 16-29 ára við að móta framtíðarsýn og setja sér markmið og stuðlar að því að öll ungmenni fái þann stuðning sem þau þurfa til að geta vaxið, orðið sjálfstæð og náð að aðlagast félagslega. Áhersla er jafnframt lögð á að efla almenna vellíðan og lífsgæði ungmenna með einstaklingsmiðaðri og heildstæðri nálgun.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg þjónustar stóran og fjölbreyttan hóp ungmenna í ólíkum aðstæðum og með ólíkan bakgrunn. Sum þeirra falla á milli kerfa og fá ekki þann samfellda og einstaklingsmiðaða stuðning sem nauðsynlegur er til að þau nái að fóta sig í lífinu. Tillagan sækir fyrirmund sína í þróunarverkefnið Elju virkniráðgjöf í Árborg sem er hönnuð til að mæta þessum hópi, með samþættingu velferðarþjónustu, skólabjónustu, frístundastarfs og einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem ungu fólk er mætt á eigin forsendum.

Reynslan á þróunarverkefninu Elju er sú að samvinna frístunda-, skóla- og velferðarþjónustu hefur skapað nýjan farveg fyrir stuðning við ungmenni. Elja virkniráðgjöf sameinar hugmyndafræði virkniráðgjafar og „outreach youth work“, þar sem starfsfólk mætir ungu fólk í þeirra eigin umhverfi og veitir þeim stuðning. Lögð er áhersla á að styðja þátttöku ungmenna í samfélaginu út frá styrkleikum þeirra og þeim möguleikum eða tækifærum sem standa einstaklingnum til boða – hvort sem það er nám, atvinna, sjálfstyrking eða lífstílsbreyting.

Sérstaklega mikilvægt er að beina sjónum að NEET-hópinum, þ.e. ungmennum á aldrinum 16-24 ára sem eru hvorki í námi, starfi né virkri þátttöku í samfélaginu. Samkvæmt minnisblaði sviðsstjóra velferðarsviðs frá 6.12.2023 má gera ráð fyrir að um 1500 einstaklingar í Reykjavík falli undir þann hóp. Slík staða getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinginn og samfélagið, en með snemmtækri íhlutun og markvissum stuðningi má draga úr félagslegum erfiðleikum og kostnaði til lengri tíma. Elja virkniráðgjöf hefur nú þegar sýnt fram á að með sveigjanleika, trausti og þverfaglegu samstarfi má ná árangri með hópa sem hefðbundin þjónusta nær síður til. Hugmyndafræðin fellur vel að stefnu Reykjavíkurborgar um samþætta og notendamiðaða þjónustu við börn og getur orðið mikilvægt brúarverkefni milli kerfa,

með það að markmiði að enginn falli utan kerfis. Börn sem eru að klára 10. bekk í grunnskólum Árborgar og forsjáraðilar þeirra geta þá gefið upplýst samþykki til að taka þátt í virkniverkefninu en það gerir það að verkum að framhaldsskólinn og sveitarfélagið geta átt í nánari samstarfi og hægt er að bregðast strax við brottfalli úr framhaldsskóla.

Elja virkniráðgjöf byggir á eldra verkefni, Sérstuðningi í Zelsíuz, sem hlaut Íslensku menntaverðlaunin árið 2023 fyrir framúrskarandi þróunarverkefni og samstarf við velferðarþjónustu. Reynslan þaðan sýnir að með réttri nálgun má ná árangri með hópum sem falla oft á milli skips og bryggju í hefðbundinni velferðarþjónustu.